

Fundargerð 53. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, miðvikudaginn 21. ágúst kl. 18:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Fannar Jónasson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Liv Aase Skarstad og Karl Óttar Pétursson boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 52. fundar - 1601004SU

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 52. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 15. maí 2019.

Staðfestingu fundargerðar frestað.

2. Minnisblað um áhrif loðnubrests á sveitarfélög - 1907003SU

Lagt fram minnisblað frá RR ráðgjöf, dags. 10. júlí 2019, um áhrif loðnubrests á afkomu sveitarfélaga.

Ákveðið að bjóða þeim sveitarfélögum sem loðnubrestur hafði mest áhrif á, að sitja næsta stjórnarfund og fara yfir minnisblað um loðnubrest. Stefnt er að því að halda næsta stjórnarfund fyrir hádegi 2. október 2019.

3. Skýrsla um mat á áhrifum línuvinnunar - 1908001SU

Lögð fram drög að skýrslu unnin af RR ráðgjöf um mat á áhrifum línuvinnunar.

Jón Hrói Finnsson ráðgjafi hjá RR ráðgjöf fylgdi skýrsludrögum úr hlaði í gegnum fjarfundabúnað.

Skýrslan byggir að mestu leyti á gögnum frá Fiskistofu. Þróunin er sú að minnkandi sókn er í línuvinnun. Þó er talsverður fjöldi starfa er tengjast aflaheimildum í gegnum línuvinnun.

Stjórnarmenn sammála um að skýrslan sé góð samantekt af upplýsingum fyrir samtökin og vel unnin. Fram komu ábendingar um breytingar í niðurstöðukafla.

Ákveðið að taka skýrsluna til endanlegrar afgreiðslu á næsta stjórnarfund.

4. Dagskrá Sjávarútvegsfundar 2019 - 1907002SU

Lagt fram minnisblað sérfræðings Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 14.

ágúst 2019, um dagskrá Sjávarútvegsfundar 2019 sem haldinn verður 2. október 2019.

Lagt fyrir minnisblað um Sjávarútvegsfund 2019. Á það bent hvort 60-80 manna salur sé mögulega of stór fyrir viðburðinn.

Samþykkt að fá fulltrúa frá NFKK (Norsk Fjord og Kyst Kommuner) á Sjávarútvegsfundinn og greiða kostnað vegna komu hans.

Stefnt er að því að senda út fundarboð og dagskrá sem fyrst.

5. Samráðsfundur starfshóps vegna aflaheimilda á forræði ríkisins (5,3%) - 1905002SU

Formaður greinir frá samráðsfundi starfshóps um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið hefur forræði yfir (5,3%, sem haldinn var fimmtudaginn 15. ágúst 2019.

Formaður greindi frá samráðsfundi starfshóps um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið hefur forræði yfir. Stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að formaður starfshópsins greini aðildarsveitarfélögum frá starfi hópsins á Sjávarútvegsfundi 2019.

Fundi var slitið kl. 19:00

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson